

Mánudaginn 7. desember 1964.

Nr. 98/1964. **Rolf Johansen** (Magnús Óskarsson hdl.)

gegn

Gísla Júlíussyni (Guðjón Steingrímsson hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Magnús P. Torfason og Theodór B. Lindal.

Kaup og sala. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1964 og krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og honum dæmdur málskostnaður fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi tók við vixlum þeim, sem í héraðsdómi getur, á þeirri forsendu, að þeir fengjust greiddir hjá samþykkjanda þeirra, og var stefnda heimilt að höfða mál til innheimtu vixlanna. Þar sem þeir voru eigi greiddir þrátt fyrir innheimtutilraunir, nema að mjög litlu leyti, varð hið fyrra skuldasamband milli stefnda og áfrýjanda aftur virkt.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, enda framselji stefndi áfrýjanda víxildóma þá, er í héraðsdómi greinir, eins og lögmaður stefnda gaf yfirlýsingu um í málflutningi hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rolf Johansen, greiði stefnda, Gísla Júlíussyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 6. þ. m., hefur Gísli Júlíusson verkfræðingur, Narfakoti, Innri-Njarðvík, Njarðvíkurhreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 5. desember 1962, gegn Rolf Johansen stórkaupmanni, hér í borg, til greiðslu á skuld, að fjárhæð kr. 67.838.00, auk 9% ársvaxta frá 1. desember 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo:

Í septembermánuði 1960 seldi stefnandi stefnda bifreið sína G 372. Greiddi stefndi kr. 52.000.00 af kaupverði bifreiðarinnar með víxlum, sem hann hafði sjálfur samþykkt. Lentu víxlar þessir í vanskilum, og fékk stefndi stefnanda þá til að taka í þeirra stað víxla, sem samþykktir voru af Lárusi Ingimarssyni kaupmanni, hér í borg. Víxlar þessir voru heldur eigi greiddir, að undanskildum kr. 3.000.00, sem Lárus greiddi hinn 12. febrúar 1961, þrátt fyrir það þótt stefnandi gerði allt, sem hægt var, til að innheimta þá. Síðar varð Lárus gjaldþrota, og telur stefnandi vonlaust, að greiðsla fáiist nokkurn tíma. Telur stefnandi, að stefnda beri að greiða sér fjárhæðir víxlanna auk vaxta og alls kostnaðar við rekstur víxilmála á hendur Lárusi Ingimarssyni, samtals kr. 70.838.00, að frádregnum áður greindum kr. 3.000.00.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram í málinu endurrit fimm dóma í málum, sem stefnandi höfðaði á hendur Lárusi Ingimarssyni til greiðslu átta víxla, samtals að fjárhæð kr. 52.000.00, samþykktra af Lárusi til greiðslu 10. desember 1960, 10. janúar, 10. febrúar, 7. marz, 10. marz, 10. apríl, 10. maí og 10. júní 1961. Voru dómur þessir kveðnir upp á bæjarþingi Reykjavíkur 11. febrúar, 8. og 27. apríl og 8. júlí 1961. Þá hefur af hálfu stefnanda einnig verið lagt fram endurrit fjárnámsgerðar, sem stefnandi lét gera hjá Lárusi Ingimarssyni hinn 21. júní 1961 samkvæmt dómi þeim, er uppkveðinn var hinn 8. apríl 1961. Varð fjárnámsgerð þessi árangurslaus.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

- 1) Skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 566/1961:

Höfuðstóll	kr. 5.000.00
9% ársvextir frá 10/12 '60 til 1/12 '62 —	887.00

1/3 % þóknun	—	16.00	
Málkostnaður	—	1.300.00	
Endurrit, birting	—	65.00	7.268.00
2) Skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 567/1961:			
Höfuðstóll	kr.	5.000.00	
9 % ársvextir frá 10/1 1961 til 1/12 '62	—	850.00	
1/3 % þóknun	—	16.00	
Málkostnaður	—	1.300.00	
Endurrit, birting	—	65.00	7.231.00
3) Skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 212/1961:			
Höfuðstóll	kr.	10.000.00	
9 % ársvextir af kr. 5.000.00 frá 10/2 1961 til 10/3 s. á.	—	37.00	
Do. af kr. 10.000.00 frá þeim degi til 1/12 1962	—	1.550.00	
1/3 % þóknun	—	32.00	
Málkostnaður	—	2.000.00	
Endurrit og birting	—	65.00	
Fjárnámskostnaður	—	350.00	14.034.00
4) Skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 455/1961:			
Höfuðstóll	kr.	15.000.00	
9 % ársvextir af kr. 5.000.00 frá 10/4 1961 til 10/5 s. á.	—	37.00	
Do. af kr. 10.000.00 frá 10/5 1961 til 10/6 s. á.	—	74.00	
Do. af kr. 15.000.00 frá 10/6 1961 til 1/12 1962	—	2.100.00	
1/3 % þóknun	—	50.00	
Málkostnaður	—	2.500.00	
Endurrit, birting	—	70.00	19.831.00
5) Skuld samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 1337/1961.			
Höfuðstóll	kr.	17.000.00	
9 % ársvextir frá 7/3 1961 til 1/12 '62	—	2.647.00	

1/3 % þóknun	—	56.00	
Málkostnaður	—	2.700.00	
Endurrit, birting	—	65.00	22.468.00

 Kr. 70.838.00

 Innborgað af Lárusi Ingimarssyni 12/2 1961 .. kr. 3.000.00

Alls kr. 67.838.00

Stefnandi kærði stefnda fyrir meint sviksamlegt atferli í sambandi við þessi viðskipti þeirra. Ekki leiddi sú rannsókn til málshöfðunar af hálfu ákærvaldsins á hendur stefnda.

Í sambandi við rannsókn málsins fyrir sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu svo og hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að það hafi verið í byrjun septembermánaðar 1960, sem hann hafi selt stefnda bifreið sína G 372, Fiat Multipla, árgerð 1958. Kaupverðið, kr. 82.500.00, hafi stefndi greitt í fyrstu allt með víxlum, er hann, stefndi, hafi sjálfur samþykkt. Ekki kveðst stefnandi muna, hve víxlarnir hafi verið margir, en þeir hafi allir átt að greiðast innan árs. Einn víxillinn, að fjárhæð kr. 25.000.00, kveður hann hafa átt að greiðast innan stutts tíma og samsvara útborgun. Stefnandi kveðst hafa farið með alla víxlana til innheimtu í Sparisjóð Hafnarfjarðar. Er fyrsti víxillinn skyldi greiðast, kveður stefnandi greiðslu hafa brugðizt, hafi hann snúið sér til bifreiðasölu þeirrar, sem aðstoðað hafi við sölu, en síðan hafi hann snúið sér beint til stefnda. Hann kveður stefnda þá hafa boðið sér greiðslu á kr. 10.000.00 í ávísun, en afganginn í víxlum, þar á meðal víxlum þeim, sem fjallað er um í máli þessu. Kveðst stefnandi hafa fallizt á þessa tilhögun og afhent stefnda víxlana, sem hann, stefndi, hafði samþykkt, enda hafi stefndi sagt sérstaklega aðspurður, að víxilskuldararnir væru traustir menn. Kveðst stefnandi hafa spurt stefnda að því, hvort ekki væri öruggt, að hann fengi víxlana greidda, en kveðst ekki hafa spurt um greiðslugetu hvers einstaks víxilskuldara. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið neinn lista hjá stefnda yfir víxlana og kveðst ekki hafa átt neinn kost á að fá aðra víxla en þá, sem hann fékk. Hann kveður það aldrei hafa komið til, að hann hefði tekið við umræddum víxlum, ef hann hefði fengið lista yfir víxlana og hefði getað kynnt sér greiðslugetu víxilskuldaranna.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi í septembermán-

uði 1960 keypt af stefnanda Fiat Multipla bifreið. Hann kveður sig minna, að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 82.500.00. Hann kveður samband hafa komizt á með þeim aðiljunum hjá einhverjum bifreiðasala, en þeir hafi síðan sjálfir gert út um kaupin. Stefndi kveðst halda, að það sé rétt, þó hann muni það ekki örugglega, að hann hafi í upphafi samþykkt víxla fyrir andvirði bifreiðarinnar. Hann kveðst minnst þess, að hann hafi svo ekki getað greitt fyrsta víxilinn á gjalddaga, og hafi stefnandi komið aftur til sín. Stefndi kveðst hafa gert stefnanda tilboð um að greiða hluta andvirðis bifreiðarinnar með peningum, en nokkurn hluta með víxlum, samþykktum af öðrum. Kveðst hann hafa átt nokkurt magn af víxlum, sem hann hafi fengið í sambandi við ýmiss konar viðskipti. Kveðst hann hafa sýnt stefnanda ýmsa víxla, og hafi hann skrifað upp nöfn manna þeirra, sem ritað höfðu á víxlana, og haft á burt með sér til athugunar í nokkra daga. Kveðst stefndi hafa ályktað, að stefnandi hefði notað þenna tíma til að kynna sér greiðslugetu manna þeirra, sem voru samþykkjendur víxlanna. Að þeirri athugun lokinni, kveður stefndi stefnanda sjálfan hafa valið úr víxla þá, sem hann hafi tekið í stað víxla þeirra, sem hann, stefndi, hafði samþykkt. Ekki kveðst stefndi lengur muna, hverjir verið hafi samþykkjendur víxla þessara, og ekki kveðst hann lengur geta sagt um, hvort þarna hafi verið um að ræða víxla, sem samþykktir hafi verið af Lárusi Ingimarsyni. Stefndi hefur neitað því, að hann hafi mælt með einum öðrum fremur af samþykkjendum víxlanna. Stefndi kveðst engin viðskipti hafa átt við Lárus Ingimarsson, og ef þarna hafi verið víxlar, samþykktir af honum, þá kveðst hann hafa fengið þá frá einhverjum öðrum en Lárusi sjálfum. Stefndi kveður sér ekki hafa verið kunnugt um fjárhagslega getu Lárusar Ingimarssonar haustið 1960. Hann kveðst ekki þekkja Lárus og ekki hafa átt við hann nein viðskipti. Stefndi kveður það láta nærri, að hann hafi látið stefnanda hafa víxla fyrir á móta fjárhæð og fram kemur af hálfu stefnanda. Á hinn bóginn kveður stefndi það öruggt, að stefnandi hafi aldrei spurt sig neitt um Lárus Ingimarsson né aðra, sem kynnu að hafa verið á víxlum þeim, sem stefnandi kynnti sér. Stefndi kveður stefnanda ekki hafa farið fram á, að hann ábekti víxlana eða að hann léti veð í bifreiðinni. Stefndi kveðst ekki muna, hve lengi hann átti umrædda bifreið, og kveðst heldur ekki muna, hvort hún hafi nokkru sinni verið skráð á hans nafn. Hann kveðst heldur ekki muna,

hvort bifreiðin hafi verið talin fram á skattskýrslu hans. Stefnði kveður fyrirtæki sitt vera óskrásett, enda sé það einkafyrirtæki. Hann kveður umrædd viðskipti sín og stefnanda ekki hafa verið færð í bókhald fyrirtækisins. Stefnði hefur eindregið neitað því, að nokkuð sviksamlegt hafi verið af sinni hendi í sambandi við þessi viðskipti við stefnanda.

Vitnið Lárus Ingimarsson hefur skýrt svo frá, að það hafi samþykkt víxla þá, sem fjallað er um í máli þessu, beint vegna kaupa á vörum af Hilmar nokkrum Sigurðssyni hjá bifreiðasölu-
unni Aðstoð. Kveðst vitnið hafa átt mikil viðskipti við Hilmar bæði um bifreiðar og vörur, en ekki kveðst það muna, hvenær þeim viðskiptum lauk að fullu, og kveðst ekki muna, hvort þetta voru síðustu viðskipti þeirra. Vitnið kveður bú sitt hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 1. júní 1962, eftir því sem það man bezt, þó geti skakkað um einn eða tvo daga. Ekki kveður vitnið fjárhag sinn hafa verið svo slæman, þegar umræddir víxlar voru samþykktir, að það hafi þá ekki treyst sér til að greiða þá á gjalddaga. Vitnið kveðst næst hafa frétt af víxlum þessum, að þeir væru til innheimtu í Sparisjóði Hafnarfjarðar, og kveðst hafa fengið um það tilkynningu.

Kröfur stefnanda í málinu eru á því reistar, að stefndi hafi vitað, er hann afhenti stefnanda umrædda víxla, að Lárus Ingimarsson var ógjaldfær, og hafi stefndi því beitt stefnanda svikum í þessum viðskiptum. Sé stefnanda því þegar af þeirri ástæðu heimilt að rifta kaupunum og krefja stefnda um greiðslu samkvæmt 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að endanleg greiðsla á andvirði bifreiðarinnar hafi ekki farið fram, fyrr en umræddir víxlar séu að fullu greiddir. Beri stefnda því að greiða þá, hvort sem hann hafi verið í góðri trú um gjaldgetu Lárusar eða ekki. Er því haldið fram í þessu sambandi, að engu máli skipti, hvort stefndi hafi sjálfur ritað á víxlana eða ekki. Þá er því að lokum haldið fram, að öll sanngirni mæli með því, að stefndi verði látinn bera tjónið af gjaldþroti Lárusar Ingimarssonar.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð í fyrsta lagi, að algerlega sé ósannað, að umræddir víxlar séu komnir frá stefnda. Er því haldið fram, að sönnunarbyrðin fyrir því, að víxlarnir séu frá stefnda komnir, hljóti að hvíla á stefnanda, því hann hafi getað tryggt sér sönnun fyrir því með því að láta stefnda rita á víxlana. Þá er því haldið fram, að jafnvel þótt talið yrði sannað, að víxlarnir stöfuðu frá stefnda, þá sé rangt og ósannað með

öllu, að stefndi hafi vitað á þeim tíma, er hann á að hafa látið víxlana af hendi, að samþykkjandi þeirra, Lárus Ingimarsson, var ógjaldfær. Er því mótmælt, að um sviksamlegt atferli af hálfu stefnda hafi verið að ræða í sambandi við viðskipti aðiljanna. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að ef stefndi hafi greitt andvirði bifreiðarinnar með víxlum frá Lárusi Ingimarssyni, þá hafi verið um endanlega greiðslu að ræða, enda séu víxlar verðmæti, sem gangi kaupum og sölum. Þá sé og á það að líta, að verð þeirra bifreiða, sem seldar eru gegn víxlum, sé haft hærra en ef selt er gegn staðgreiðslu. Þá er að lokum á það bent af hálfu stefnda, að stefnandi sé verkfræðingur að menntun og atvinnu, og sé því fjarstæða, að beitt verði ákvæði 7. gr. laga nr. 73/1933.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í skýrslum aðiljanna, verður að telja fram komið, að stefndi hafi sjálfur í upphafi samþykkt víxla fyrir verulegum hluta af verði bifreiðarinnar. Er svo fyrsti víxillinn var ekki greiddur á gjalddaga, hafi orðið samkomulag með aðiljum um, að stefndi tæki aftur víxla þessa, en léti stefnanda í stað þeirra hafa víxla, sem annar eða aðrir aðiljar höfðu samþykkt og stefndi hafði ekki ábekt. Því hefur að vísu verið mótmælt af hálfu stefnda, að víxlar þeir, sem stefnt er út af í máli þessu, séu frá honum komnir. Stefndi hefur sjálfur hér fyrir dómi á hinn bóginn ekki neitað því, að víxlar þessir kunni að vera frá honum komnir. Þegar það er einnig haft í huga, að vitnið Lárus Ingimarsson kveðst í upphafi hafa afhent Hilmarí Sigurðssyni umrædda víxla og að stefndi kveðst hafa átt ýmis viðskipti við greindan Hilmar, þá verður að telja nægilega fram komið, að víxla þá, sem fjallað er um í máli þessu, hafi stefnandi fengið hjá stefnda í stað víxla þeirra, sem hann, þ. e. stefndi, hafði sjálfur samþykkt. Ekki verður talið sannað, að í viðskiptum sínum við stefnanda hafi stefndi komið þannig fram, að ógilda beri af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu löggerninga aðiljanna samkvæmt 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936 eða 7. gr. laga nr. 73/1933. Það er ósannað, að stefnandi hafi tekið við víxlum þeim, sem samþykktir voru af Lárusi Ingimarssyni, sem fullnaðargreiðslu í viðskiptum þeirra aðiljanna. Þrátt fyrir tilraunir stefnanda fengust víxlar þessir ekki greiddir. Hefur stefndi því ekki enn staðið stefnanda skil á andvirði bifreiðarinnar. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda höfuðstól greindra víxla, kr. 52.000.00, að frádregnum kr. 3.000.00, sem Lárus Ingimarsson greiddi stefnanda

hinn 12. febrúar 1961. Þá verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda kostnað þann, sem hann hefur haft af tilraunum sínum við innheimtu víxlanna. Við ákvörðun þessa kostnaðar verður lagður til grundvallar málskostnaður sá, sem dæmdur var í greindum víxilmálum, samtals kr. 9.800.00, svo og kostnaður við birtingu dómanna og fjárnám samkvæmt einum þeirra, kr. 680.00. Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 59.480.00 með vöxtum, er ákveðast 7% ársvextir og reiknast með hliðsjón af kröfugerð stefnanda af kr. 5.000.00 frá 10. desember 1960 til 10. janúar 1961, af kr. 10.000.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., af kr. 15.000.00 frá þeim degi til 12. s. m., af kr. 12.000.00 frá þeim degi til 7. marz s. á., af kr. 29.000.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., af kr. 34.000.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., af kr. 39.000.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., af kr. 44.000.00 frá þeim degi til 10. júní s. á. og af kr. 49.000.00 frá þeim degi til 5. desember 1962 og af kr. 59.480.00 frá þeim degi til greiðsludags. Þá verður stefnda og gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 8.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Rolf Johansen, greiði stefnanda, Gísla Júlíussyni, kr. 59.480.00 með 7% ársvöxtum af kr. 5.000.00 frá 10. desember 1960 til 10. janúar 1961, af kr. 10.000.00 frá þeim degi til 10. febrúar s. á., af kr. 15.000.00 frá þeim degi til 12. s. m., af kr. 12.000.00 frá þeim degi til 7. marz s. á., af kr. 29.000.00 frá þeim degi til 10. marz s. á., af kr. 34.000.00 frá þeim degi til 10. apríl s. á., af kr. 39.000.00 frá þeim degi til 10. maí s. á., af kr. 44.000.00 frá þeim degi til 10. júní s. á., af kr. 49.000.00 frá þeim degi til 5. desember 1962 og af kr. 59.480.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
